

UNGMENNAFÉLAG LANGNESINGA

Sumarið 2014



KI.	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MÍÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR
10:00-11:00	Fótbolti 6. og 7. fl. kvk og kk (Ásdís)	Fótbolti 6. og 7. fl. kvk og kk (Ásdís)		Fótbolti 6. og 7. fl. kvk og kk (Ásdís)
11:00-12:00	Fótbolti 4. fl. yngri og 5. fl. kvk og kk (Ásdís)	Fótbolti 4. fl. yngri og 5. fl. kvk og kk (Ásdís)		Fótbolti 4. fl. yngri og 5. fl. kvk og kk (Ásdís)
16:00-17:00	Frjálsar íþróttir 1-6 bekkur kvk og kk Hópi skipt eldri/yngri (Kapitola og Haukur)		Frjálsar íþróttir 1-6 bekkur Hópi skipt eldri/yngri (Kapitola og Haukur)	Frjálsar íþróttir 1-6 bekkur Hópi skipt eldri/yngri (Kapitola og Haukur)
17:00-18:00	Fótbolti* 4. fl. eldri og 3. fl. kvk (Ásdís)	Fótbolti* 4. fl. eldri og 3. fl. kvk (Ásdís)		Fótbolti* 4. fl. eldri og 3. fl. kvk (Ásdís)
18:00-19:00	Fótbolti 4. fl. eldri og 3. fl. kk (Ásdís)	Fótbolti 4. fl. eldri og 3. fl. kk (Ásdís)		Fótbolti 4. fl. eldri og 3. fl. kk (Ásdís)
20:00-21:00	Frjálsar íþróttir 7-10 bekkur kvk og kk (Kapitola og Haukur)		Frjálsar íþróttir 7-10 bekkur kvk og kk (Kapitola og Haukur)	Frjálsar íþróttir 7-10 bekkur kvk og kk (Kapitola og Haukur)

GOTT ER AÐ LITA ÆFINGATÍMANA SÍNA OG HENGJA TÖFLUNA Á ÍSSKÁPINN HEIMA!

Sumarstarf hjá UMFL hefst mánudaginn **2. júní** samkvæmt æfingatöflunni að ofan. Fótboltinn hjá 4 fl. yngri til og með 7 fl. byrjar þó ekki fyrr en fimmtudaginn **5. júní**

Æfingagjöldin verða **3.000 kr. á mánuði**, burtséð frá því hversu margar æfingar eru sóttar. Munið: **Ein æfing - eitt æfingagjald!** Líkt og undanfarin ár verður boðið upp systkinaafslátt, þannig að einungis er borgað fyrir 2 börn.

*Æfingatímar hjá 7-10 bekk kvk. verða breytilegar viku frá viku (vikuáætlum hjá þjálfara). Þjálfari lætur stelpurnar fá áætlunina á fyrstu æfingu (sendir póst).

ÞJÁLFAVARAR	FLOKKUR	E-MAIL	SÍMANÚMER
Ásdís	Fótbolti/fótboltaskóli	asdis@thorshafnarskoli.is	852-0412
Kapitola Jónsdóttir	Frjálsar íþróttir	kapy77@gmail.com	867-3819
Haukur Þórðarson	Frjálsar íþróttir	garpur_14@hotmail.com	846-5616

Flokkaskipting í knattspyrnu

Í fótbolta er barnið í hverjum flokki í tvö ár í senn. Að hausti færast barnið upp um flokk en engin sérstök dagsetning er á slíku, algengast er að það fylgi upphafi skóla. Þá færast sum börn upp á eldra ár í sama flokki eða upp í næsta flokk þar fyrir ofan, á yngra árið eins og gefur að skilja. Við miðum flokkanna núna í sumar 2014 við bekkina eins og þeir eru í skólanum í lok skólaárs. Flokkaskiptingin er eins í báðum kynjum:

- 7. flokkur: Börn í 1. og 2. bekk grunnskóla (6-7 ára)
- 6. flokkur: Börn í 3. og 4. bekk grunnskóla (8-9 ára)
- 5. flokkur: Börn í 5. og 6. bekk grunnskóla (10-11 ára)
- 4. flokkur: Börn í 7. og 8. bekk grunnskóla (12-13 ára)
- 3. flokkur: Unglingar í 9. og 10. bekk grunnskóla (14-15 ára)
- 2. flokkur: Ungmenni í 1., 2. og 3. bekk framhaldsskóla (16-18 ára)

Frjálssar íþróttir

Í frjálsum íþróttum verður ein æfing fyrir 1-6 bekk en þeim verður skipt í tvo hópar eldri og yngri. Hjá 7-10 bekk verða strákar og stelpur saman en einnig verður hægt að skipta hópnum þar í tvennt ef þessa þarf. Við miðum bekkina núna í sumar 2014 við bekkina eins og þeir eru í skólanum í lok skólaárs.

Fótboltaskóli, leikjaskóli og kanó

Fyrirhugað er að hafa 2 vikna fótboltaskóla (10 daga) fyrir þau allta yngstu í sumar. Þá er verið að tala um börn fædd á árunum 2008 til 2010. Námskeiðið verður vikuna fyrir og vikuna eftir Ásbyrgismót. Námskeiðið mun kosta 4000 þús krónur og skráningur á námskeiðið er hjá þjálfara.

Áætlað er að hafa leikjaskóla í svipuðu formi í sumar. Ekki er búið að ákveða dagsetningu né aldur á námskeiðinu og verður það auglýst þegar þar að kemur.

Kanónámskeið verður í sumar og verður það auglýst síðar.

Ágústmánuður

UMFL tekur sumarfrí í ágúst. Þessi æfingartartafla gildir fram að Verslunarmannahelginni sem er 1. ágúst.

Mót í sumar

UMFL stefnir að því að fjölmenna á Ásbyrgismót sem er daganna 11.-13. júlí. Einnig heldur UMFL utan um og skipuleggur héraðsmót í fótbolta fyrir HSP á Þórshöfn í sumar og að sjálfsögðu fjölmönnum við á það mót einnig. Önnur mót koma til greina að sækja. t.d. sumarleikar HSP, ÚÍA mótið og opin mót í fótbolta (N1, Króksmót og fleira). Ekki hefur verið tekin ákvörðun hvaða mót verður farið á.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR Í SUMAR

Fésbókarsíða UMFL: Ungmennafélag Langnesinga

ÁFRAM UMFL!